



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 4. nóvember 2020



Sjötti fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 4. nóvember 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Guðmundur B. Ólafsson, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Davíð B. Gíslason, Guðríður Guðjónsdóttir og Inga Lilja Lárusdóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 9 mánaða uppgjör
AP kynnti 9 mánaða uppgjör. Staða HSÍ er sterk um þessar myndir, en eins og áður hefur komið fram er óvissa vegna 2021 mikil og talsverð vinna verður til áramóta við að tryggja tekjuhlið 2021.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Landsleikir A landsliðs karla
RG kynnti stöðuna á landsleikjunum sem er framundan. Í kvöld leikur liðið við Litháen og hefur undirbúningur leiksins gengið vel. Leiknum við Ísrael var frestað vegna vandræða þeirra við ferðalög. Um mikinn kostnaðarauka er að ræða vegna vinnustaðarsóttkví liðanna og tekjuleysi vegna áhorfendabanns.
 - b. Verkefni A landsliðs kvenna í desember
Fyrirhugað er að A landslið kvenna fari til Makedóníu í desember í forkeppni fyrir HM. RG hefur beðið um færslu á verkefninu fyrir hönd HSÍ en ástandið í Makedóníu er slæmt sökum Covid.
 - c. Verkefni yngri landsliða
Verkefni yngri landsliða í janúar hefur verið aflýst en u20 og u18 karla áttu að vera á EM. Ekki hefur verið unnt að æfa með landslið síðan í sumar. Reynt verður að æfa með liðin um leið og tækifæri gefst.
4. Frestun móta vegna Covid 19
Beðið er eftir nýrri ákvörðun yfirvalda en RG mun boða til funda með félögum í næstu viku þar sem staðan verður metin bæði varðandi afreksstarf og barnastarf. Miklar vonir eru bundnar við aðgerðir yfirvalda varðandi fjármál félaga.
5. Erindi frá aðildarfélögum
 - a. Bréf frá Vængjum Júpiters varðandi dómarasektir
Erindi barst frá Vængjum Júpiters um niðurfellingu á dómarasektum vegna þess að liðið sé að koma nýtt til leiks. Stjórn HSÍ telur sig ekki hafa heimild til þess að veita afsláttinn og jafnframt þarf að gæta jafnræðis milli liða.
6. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 2. desember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari